

1093. stjórnarfundur VR**Haldinn miðvikudaginn 15. maí. kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð**

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Helga Árnadóttir framkvæmdarstjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Gestur fundarins: Ása Karen H. Bjarnadóttir frá Capacent

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða (1088 og 1092)

Fundargerð 1088. fundar samþykkt og undirrituð.

Samþykkt fundargerðar 1092. fundar er frestað til næsta fundar.

2. Samskiptagildasamningur – til afgreiðslu

Ólafía Björk. bauð Ásu Karen H. Bjarnadóttur frá Capacent velkomna sem gest fundarins vegna þessa dagskrárliðar. Ólafía Björk sagði frá því að búið væri að stilla upp samskiptagildunum í sérstakan samning til undirritunar sem síðan yrði rammað inn og sett upp á vegg í fundaraðstöðu stjórnar þannig að það gæti verið okkur sífellt áminning um þau gildi sem við viljum hafa í heiðri á okkar fundum.

Næst rifjaði Ása Karen upp meginatriðin í þeirri vinnu sem stjórn vann á vinnufundinum 10. maí s.l. – þar var kjarninn samskipti, vinnulag og vinnureglur.

3. Tilnefning í fjórar nefndir innan VR – til afgreiðslu

Ólafía Björk dreifði skjalinu “*Yfirlit yfir nefndir og ráð*” og ræddi um að það þurfi meiri tíma til að skoða þetta, þarna sé margt sem sé úrelt og megi falla á brott. Þegar yfirferð er lokið stillum við þessu upp í einföldu skjali.

Umræður.

Ólafía Björk dreifði skjalinu “*Minnisblað – Tilnefning í nefndir á vegum VR*” dags. 15.05 2013. Bara fjórar nefndir núna til umfjöllunar. Næst fór Ólafía Björk yfir nokkrar breytingar sem orðið höfðu.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp eftirfarandi tillögur að skipun nefndanna:

Framkvæmdastjórn orlofssjóðs

Aðalmenn:

Sigurður Sigfússon

Jóhanna S. Rúnarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Benedikt Vilhjálmsson

Ragnar Þór Ingólfsson

Varamenn:
Bjarni Þór Sigurðsson
Óskar Kristjánsson

Samþykkt.

Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn:
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Rannveig Sigurðardóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson

Varamenn:
Páll Örn Líndal
Ásta Rut Jónasdóttir

Samþykkt.

Starfsmenntanefnd

Aðalmenn:
Fríður Birna Stefánsdóttir
Óskar Kristjánsson
Páll Örn Líndal
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ásta Rut Jónasdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Varamenn:
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Eyrún Ingadóttir (trúnaðarráð)

Samþykkt.

Launanefnd

Ásta Rut Jónasdóttir
Sigurður Sigfússon
Birgir Már Guðmundsson

Samþykkt.

4. Uppgjör VR jan-mar 2013

Helga lagði fram skjalið “*Rekstrarreikningur Jan-Mar 2013*” og fór yfir helstu tölur. Í máli Helgu kom m.a. fram að aukning sé á tekjum milli ára. Aukning er á iðgjöldum og ljóst að einhvert launaskrið sé að eiga sér stað, þar sem aukningin skýrist ekki öll með fjölgun félagsmanna. Aukning er í sölu orlofsmiða og gott að fleiri félagsmenn séu að nota sér það.

Tekjur á tímabilinu eru rúmar 578 milljónir kr.

Áframhaldandi mikil aukning er í greiðslu bóta og styrkja þ.e. um 50 milljónir kr. milli ára. Við munum skoða þetta vel. Aukning er í útbreiðslu- og félagsmálakostnaði sem er langmest vegna Jafnlaunavottunar eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Nokkur

lækkun er í skrifstofu- og stjórnunarkostnaði m.a. vegna hagræðingar sem unnið hefur verið að.

Varðandi fjármagnstekjur þá eru hreinar tekjur til ráðstöfunar 186 milljónir fyrir tímabilið.

Umræður. Kom fram áhugi stjórnarmanna að halda áfram með jafnlaunaverkefnið af fullum þunga á haustmánuðum. Ákveðið var að endurskoða áætlun félagsins meðal annars með tilliti til nýrra áherslna nýs formanns og eins vegna þessa verkefnis. Áætlað að leggja áætlunina fram á næsta fundi.

5. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

Ásgeir Júlíus Gíslason	Nói Sírius	Nýr
Sigurður A Sigurðsson	Hagkaup Eiðistorgi	Nýr
Harpa Hlín Haraldsdóttir	Auglýsingastofan Pipar/TBWA	Nýr
Helga Magnúsdóttir	Sendiráð USA á Íslandi	Nýr
Stefanía D. Egilsdóttir	Ferðakompaníð ehf	Nýr
Sigrún Ásta Elefsen	Ferðaþjónusta bænda	Nýr
Dariusz Adam Feliksiak	Sorpa/Góði hirðirinn	Nýr
Daði Óskarsson	Medis	Nýr
Sandra Björg Axelsdóttir	TM Software	Nýr
Jósef Gunnarsson	Rúmfatalagerinn Smáratorgi	Nýr
Brynleifur Hlynsson	Rúmfatalagerinn Korputorgi	Nýr
Linda Rós Reynisdóttir	VÍS	Nýr
Elín Valgerður Gautadóttir	Hagkaup Kringlunni	Nýr
Stefán Árni Stefánsson	Advania	Nýr
Hörður Birgisson	Betware	Nýr
Kristín Auður Lárusdóttir	Fjarðarkaup	Nýr
Gíslína Vilhjálmsdóttir	Fjarðarkaup	Nýr
Andri Kristinsson	PWC ehf	Nýr
Björn Kristján Arnason	Advania	Nýr
Már Másson Maack	Rammagerðin ehf	Nýr
Kristín Bjarnadóttir	Hagkaup Skeifan	endurkjörin
Valgerður Guðrún Bjarkadóttir	Hagkaup Skeifan	endurkjörin
Andrés Ingi Vigfússon	Rio Tinto Alcan	endurkjörinn
Halldór Geir Jónsson	Hátækni	endurkjörinn
Fríða Sigurðardóttir	Actavis	Nýr
Elva Hrönn Hjartardóttir	Actavis	Nýr
Ævar Karlsson	Sólar EHF	Nýr
Víglundur Þór Víglundsson	Iceland Excursions / Allrahanda	Nýr
Tiina Annikki Tupeinen	Hýsing - Vöruhótel	Nýr
Steinþóra Sigurðardóttir	Vita ferðaskrifstofa	Nýr
Anna Kristín Fenger	Lífeyrissjóður Verzlunarmanna	endurkjörin
Ólöf Vala Schram	Parlogis	Nýr

Samþykkt